



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við hátíðarathöfn Barnaheilla
20. nóvember 2017**

Góðir gestir

„Það eina sem skiptir í rauninni virkilegu máli er að vera góður við börn. Þar liggur allt.“ Svo mælti Vigdís Grímsdóttir eitt sinn. Í síðustu viku bárust þær ánægjulegu fréttir að hún hefði hlotið verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu. Jónas þýddi nokkur ævintýra H. C. Andersens og naut þess líka að semja sögur í anda hans – frásagnir ætlaðar ungviði til skemmtunar. En alvara bjó líka að baki. Í Grasaferð Jónasar er þessi staka:

Lóan heim úr lofti flaug,
(ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu),
til að annast unga smá –
alla étið hafði þá
hrafn fyrir hálfri stundu.

Lífið er ekki alltaf dans á rósum og sumir kynnast því fyrr en aðrir, um það vitna afdrif unganna í kveðskap þjóðskáldsins. Og ekki voru öll tíðindi nýliðinna daga eins mikið gleðiefni og verðlaunin til Vigdísar Grímsdóttur. Þannig fengum við að fréttu að nær níu hundruð börn búi í ósamþykktu húsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu. Þótt vistarverur, sem svo háttar til um, geti verið viðunandi er víst að of mikið er um óboðleg hreysi.

Börn eiga skilið öryggi og hlýju, menntun og hamingju. Og hvað skal segja og gera þegar við heyrum af ofbeldi gegn börnum, þegar við heyrum af barnaníði? Slíkt kallar á sterk viðbrögð, skjót úrræði.

Sagan geymir því miður dæmi um aldalanga grimmd gegn ungviði heimsins, gegn börnum sem gátu ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Forfeður okkar og -mæður hér á Íslandi voru ekki verri en gerðist og gekk

en hér var harkan allsráðandi. Í heiðni mátti bera út börn og í aðdáun okkar á víkingum skulum við hampa Ölvi barnakarli. Svo var hann nefndur, segir í Landnámu, því að þótt hann væri víkingur mikill lét hann „eigi henda börn á spjótaoddum, sem þá var víkingum títt.“

Síðan kom kristnin og mildi í orði kveðnu. Þó héldu kennimenn því miskunnarlaust fram að börn bæri að berja til hlýðni. Í öndvegisriti sínu um íslenska þjóðhætti lýsti séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili uppeldisvenjum fyrri alda svo:

Aginn var harður og miskunnarlaus, og ekki mátti neinu halla svo að ekki riðu snoppungarnir og munnhöggin svo að blóðið streymdi úr nösunum, og svo dundu hýðingarnar daglega ... Prestarnir töluðu um það í ræðum og ritum að menn ættu að kyssa hirtingarvönd drottins. Sama var með börnin. Þau voru oft þínd til þess að kyssa vöndinn þegar búið var að hýða þau. Þetta ól upp kergju í unglíngunum, bældi niður góðu tilfinningarnar en gerði andlega lífið þrællundað og lítilmannlegt.

Þetta voru orð að sönnu. Og verst var auðvitað vist hinna munaðarlausu og bláfátæku, hreppsómaganna, niðursetninganna. Þeirri sögu megum við ekki gleyma, hún gerðist um leið og við vorum að þoka okkur áfram til framfara og velmegunar. Hvernig fáum við útskýrt þessa harðýðgi? Yfirvaldið – bæði hið andlega og veraldlega – krafðist aga en öllu mátti ofgera. Að sumu leyti réð fátæktin því að fólk sýndi litla samúð eða náungakærleik. Það var of lítið til skiptanna, hver var sjálfum sér næstur. Fólki var ekki heldur ætlað að sýna harm sinn eða þjáningu. Sagt var að foreldrar væru „barnsárir“ ef þeir syrgðu um of börn sem féllu frá.

Því má ekki heldur gleyma að sumum ofbauð grimmd í garð barna. Mýmörg dæmi eigum við líka sem sanna ást fólks á börnum sínum. Undir lok níttjándu aldar skrifaði lærður maður að barn væri eins og „blómhnappurinn, sem vér veitum yl og dög, loft og birtu til þess að hann geti sprungið út eftir eðli sínu“.

Já, þrátt fyrir allt hið illa skulum við trú á hið góða, vinna að því góða, og auðvitað ber að þakka hve margt hefur breyst til batnaðar. Það hefur ekki gerst af sjálfu sér, þar hafa margir látið til sín taka. Og það hafið þið hjá Barnaheillum svo sannarlega gert. Ég nefni hér sérstaklega Vináttu, átak ykkar gegn einelti sem hefur farið fram í leikskólum landsins og fyrstu bekkjum grunnskóla. Mér er heiður að því að vera verndari þessa góða verkefnis.

Þótt enn sé verk að vinna getum við sagt með sanni að við þokumst í rétta átt, það sýnir hið góða starf Barnaheilla. Og það sýna börn og unglíngar líka í verki, ekki síst ljúfmennin í ungmennaráði samtakanna sem stóðu í gær að fatasöfnun fyrir þá jafnaldra sína sem á því þurfa að

halda. Hafi þau heila þökk fyrir. Sömuleiðis má nefna að fyrstu réttindaskólar UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, fengu í dag viðurkenningu fyrir að hafa alþjóðlega barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Þennan heiður hlutu Flataskóli í Garðabæ og Laugarnesskóli í Reykjavík, auk frístundaheimilanna Laugasels og Krakkakots í borginni.

Vissulega gagnast engum að búa til glansmynd. Úr skóla einum í borginni bárust í síðustu viku fregnir af rúðubrotum og svo hörðum slagsmálum að flytja þurfti einn á slysadeild. En stærri og merkari var sú frétt að nemendur skólans tóku höndum saman fyrir félagi sinn sem er á hægum batavegi á Barnaspítala Hringins eftir löng og erfið veikindi. Krakkarnir söfnuðu á fimmtu milljón króna í þágu þessa vinar síns og fjölskyldu hans, og tóku líka höndum saman í bókstaflegri merkingu, frá skóla sínum að spítalanum. Þessa hlýhugar má svo sannarlega minnst og halda honum á lofti.

Kæru vinir: Við skulum líka minnst með þakklæti allra sem Barnaheill hafa heiðrað undanfarin ár fyrir atbeina í þágu barna og ungmenna. Í dag bætist Kvennaathvarfið við þann góða hóp. Þar geta konur og börn leitað skjóls „þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis“, eins og segir á heimasíðu athvarfsins. Enn þurfum við að vinna gegn ofbeldi, veita þeim vernd sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Því miður gætir enn í okkar samfélagi þeirrar grimmdar og hörku sem við tengjum annars við óréttlæti, ógnir og ósiði fyrri alda. En samt trúir ég því að við séum á framfarabraut. Nú höfum við Barnaheill, nú höfum við Kvennaathvarfið. Nú eru þeir sífellt fleiri sem vilja ekki þola ofbeldi og áreitni í samfélaginu. „Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón.“ Þannig hljómar upphaf samnefndrar skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur, sem segir frá hörmungum kynferðisofbeldis og annarrar valdniðslu: „Það glampar á sverð réttlætisins í loftinu. Myrkur. Gulldregin hjöltin sindra. Stjörnur þjóta. Gljáandi hvít egginn skelfur. Neistar fljúga. Sverðið snýst kringum mig. Ég beygi mig ekki.“

Baráttu er þörf. Ég færi Barnaheillum þakkir fyrir þeirra göfuga starf og Kvennaathvarfinu sömuleiðis, með hamingjuóskum fyrir viðurkenningu sem er svo sannarlega verðskulduð.